

FUNDARGERÐ

342. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 8. október 2024 kl. 14:00.

Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri og Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF.

Gestir síðar á fundinum:

Glúmur Björnsson, jarðfræðingur HEF

Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri HEF

Nigar Khaligova, sérfræðingur á fjármálasviði HEF

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Húsnæði HEF
- 2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref
- 3 Þjónustustefna Múlaþings – áherslur HEF
- 4 Snjallmælar – næstu skref
- 5 Áætlanir 2025 og gjaldskrár
- 6 Jarðhitaleit Búlandsnesi –ákvörðun um framhald
- 7 Lítil vatnsból á starfssvæði HEF
- 8 NORDIWA 2024 – helstu tíðindi af ráðstefnu
- 9 Heimsókn til Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku
- 10 Verkefni í gangi / áætlanir
- 11 Önnur mál
 - a. Eigendastefna HEF
 - b. Eiðaveita – úttekt Náttúrustofu Austurlands á lagnaleiðinni

1 Húsnæði HEF

Starfshópur húsnæðismála HEF fór yfir þrjár tillögur að breytingum og endurbótum á skrifstofu-húsnæði veitunnar. Tillaga 2 hlaut þar hljómgrunn, en sú hugmynd er að nýta núverandi bílskúr undir fundarherbergi og núverandi fundarherbergi sem kaffistofu, en við þá breytingu verður til auka skrifstofa í núverandi kaffistofu. Jafnframt verður skrifstofurýmið opnað, gólfefni endurnýjað og loft og veggir málaðir. Þessar uppfærslur eru í takti við áherslur stjórnar og starfsmanna, þar sem veruleg þörf er á stærri kaffistofu og opnara rými í takti við aukinn mannskap og eðli starfseminnar. Um leið verður ráðist í þakviðgerðir og aðkoma að húsnæðinu uppfærð.

Starfshópur heldur áfram að skoða lausnir fyrir bætta aðstöðu útimanna, sem og endurnýjun lagers. Sá valmöguleiki er til skoðunar að byggja skemmu og aðstöðuhús á lóð við kyndistöð, Valgerðarstöðum 2. Þá verður og skoðað að flytja skrifstofu á sömu lóð.

Stjórn samþykkir tillögu starfshóps að breytingu og endurbótum skv. tillögu 2.

2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref

Stefnt er á nánari greiningu á núverandi kyndingarkerfum í húsum bæjarins sem ekki eru tengd fjarvarmaveitunni í dag, þ.e. hvort um ræðir þilofna (rafmagn) eða vatnshitakerfi. Þessi greining gerir okkur kleift að meta þá tengingarmöguleika sem standa til boða í framtíðinni, verði niðurstaðan sú að HEF taki við rekstri fjarvarmaveitunnar. Samhliða þessari greiningu verði tekið samtal við íbúa þessara húsa og metið hvort áhugi sé á tengingu.

Skýrsla um jarðhitaleit m.t.t. þess að finna volgt vatn á varmadælu er enn í vinnslu, en niðurstaða hennar skýrir að miklu leyti næstu skref í greiningarvinnu HEF. Finnist nægilegt volgt vatn breytir það miklu varðandi rekstraröryggi veitunnar sem styrkir valkostinn um miðlæga kyndingu.

3 Þjónustustefna Múlaþings – áherslur HEF

Þjónustustefna Múlaþings er gerð með tilvísun til 130. a greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem ber heitið *Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags*. Fulltrúar HEF sátu fundina, sem voru haldnir á Borgarfirði, Djúpavogi og Seyðisfirði, og tóku þátt í umræðum tengdum stjórnarsýslu. Nú er unnið úr tillögum íbúa er fram komu á fundinum og áherslur mótaðar í kjölfarið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að fullgera tillögur HEF um þjónustustefnu í minni kjörnum Múlaþings og kynna stjórnarmönnum sem fyrst.

4 Snjallmælar – næstu skref

Nokkrar tegundir snjallmæla hafa verið til skoðunar fyrir áætlaða innleiðingu þeirra í hitaveitunni.

Starfsmenn HEF veitna heimsóttu Norðurorku á Akureyri í lok september, þar sem verkefnastjóri, ásamt tækni- og gæðastjóra, fengu fund með hópi sérfræðinga í innleiðingu snjallmæla. Mælar hafa þar verið settir upp í öll hús, með tengingu við loftnet og gengið vel.

Verkefnastjórn falið að halda undirbúningi áfram.

Védís Vaka yfirgefur fundinn.

Fjóla og Nigar koma inn á fundinn.

5 Áætlanir 2025 og gjaldskrár

Farið yfir tillögur að gjaldskrár ársins 2025:

Hitaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu almennt um 3,5% frá og með næstu áramótum.

Undantekningar eru: Tengigjöld utan þéttbýliskjarna á Egilsstöðum og Fellabæ hækki um 2%.

Fastagjöld hækki:	15mm:	10%
	20-25mm:	15%
	32-50mm:	25%
	≥ 65mm:	25%

Tillagan verði, svo sem vera ber, send til Orkustofnunar sem sækir samþykki ráðherra fyrir breytingunum.

Vatnsveita:

Samþykkt að hækka vatnsgjald og fast gjald vatnsveitu (3. gr.) um 2% frá og með næstu áramótum.

Vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal þó að lágmarki vera 36.225,- kr.

Önnur gjöld gjaldskrárinnar fylgi breytingu byggingarvísitölu, sbr. 9. gr.

Fráveita:

Samþykkt að fráveitugjald verði óbreytt frá fyrra ári 0,31% af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum. Rotþróagjöld verði óbreytt frá fyrra ári kr. 22.700 á ári fyrir rotþró ≤6.0m³. Fyrir stærri rotþrær en 6.0m³ verði rotþróargjald kr. 5.600 á ári (óbreytt) fyrir hvern rúmmetra þróar.

Önnur gjöld fráveitu fylgja byggingarvísitölu, sbr. 4. mgr. 7. gr og verða uppfærð skv. venju.

Gagnaveita:

Samþykkt að gjaldskrárliðir í 5. gr. gjaldskrár, tengigjöld o.fl. verði óbreytt, en aðrir liðir gjaldskrár gagnaveitu (6. gr.)hækki um 3% frá og með 1. janúar 2025.

Fjóla og Nigar yfirgefa fundinn.

Glúmur mætir til fundarins.

6 Jarðhitaleit Búlandsnesi –ákvörðun um framhald

Glúmur kynnir stöðu verkefnisins.

Stjórn leggur áherslu á að verkefninu verði haldið ákveðið áfram á fullum krafti.

7 Lítil vatnsból á starfssvæði HEF

Frestað.

Glúmur yfirgefur fundinn.

8 NORDIWA 2024 – helstu tíðindi af ráðstefnu

Frestað.

9 Heimsókn til Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku

Frestað.

10 Verkefni í gangi / áætlanir

Frestað.

11 Önnur mál

a. Eigendastefna HEF

Fyrsti fundur starfshóps um eigendastefnu HEF hefur verið haldinn. Þar var m.a. rætt, hvort hægt væri að koma efni, sem algengt er að birtist í eigendastefnum sambærilegra félaga, inn í samþykktir HEF. Einnig viðrað að samlesa reglugerð HEF og samþykktir HEF. Fulltrúar í eigendastefnunefnd setja sig í samband við lögmann félagsins til ráðgjafar um málið. Stefnt er að því að tillögur hópsins verði tilbúnað öðru hvoru megin við áramót.

b. Eiðaveita – úttekt Náttúrustofu Austurlands á lagnaleiðinni

Úttekt Náttúrustofu Austurlands á ummerkjum eftir lagningu hitaveitulagnar frá Eyvindará út í Stóra-Haga á Eiðum. Framkvæmdastjóra falið að koma úttektinni til Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings.

Næsti fundur verður 23. október vegna uppgjörs, áætlana o.fl. – verður boðaður

Fundi slitið kl. 17:40 fundargerð ritaði Ívar K. Hafliðason.

Undirritanir á næstu síðu.

